

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

53. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2014-2018

Árið 2018, föstudagin 11. maí. kl.13:00, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Guðbjörg Bergmundsdóttir, Steinn Ingi Kjartansson, oddviti, Hulda Gunnarsdóttir, Guðmundur Birgir Ragnarsson, varamaður Halldóru Pétursdóttur, Karl Guðmundur Kjartansson, varamaður Valgeirs Scott og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Oddviti bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmæti fundarins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

### Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Fundargerð 9. fundar umhverfis og samgöngunefndar frá 18. apríl.
3. Fundargerð 19. fundar skipulags og byggingarnefndar frá 25. Apríl.
4. Ársreikningur 2017 fyrir Súðavíkurhrepp og stofnanir – fyrri umræða.
5. Skipan slökkviliðsstjóra.
6. Dvalartími í sumarbyggð Súðavíkur – erindi frá félagi sumarhúsaeigenda.
7. Erindi frá Raggagarði.
8. Áfangastaðaáætlun Vestfjarða/DMP.

- 
1. Sveitarstjóri fer yfir helstu verkefni sveitarfélagsins.
  2. Lagt fram.
  3. Lagt fram.
  4. Ársreikningur Súðavíkurhrepps og stofnanna fyrir árið 2017 lagður fram til fyrri umræðu.

Heildartekjur ársins voru 268 milljónir á móti heildargjöldum upp á 238 milljónir.

Afskriftir ársins 12 milljónir.

Rekstrarniðurstaða ársins, eftir afskriftir, er jákvæð um 33,8 milljónir.

Handbært fé við áramót var 138 milljónir í bankainnstæðum og verðbréfum.

Eigið fé sveitarfélagsins var við áramót 521 milljón.

Veltufé frá rekstri er 51 milljón á árinu 2017.

Ársreikningur Súðavíkurbrepps og stofnanna samþykktur samhljóða og vísað til seinni umræðu.

Bókun sveitarstjórnar.

*Ljóst er að mjög góður árangur hefur náðst í fjármálum sveitarfélagsins. á kjörtímabilinu 2014 – 2018, sem vekur athygli.*

*Handbært fé við lok ársins 2013 var 24 milljónir en við lok ársins 2017 138 milljónir.*

*Bankainnstæður og verðbréf við lok ársins 2013 voru 24 milljónir en við lok árs 2017 voru bankainnstæður og verðbréf 138 milljónir.*

*Það sem mestu máli skiptir í rekstri sveitarfélaga er útkoma veltufés frá rekstri. Við lok ársins 2013 var veltufé frá rekstri 15 milljónir. Við lok árs 2017 var veltufé frá rekstri 51 milljón.*

*Það sem mestu máli skiptir til halda uppi góðri þjónustu, öflugum skóla, velferð íbúa og sjálfstæði sveitarfélags er ábyrg og styrk fjármálastjórn. Það er stolt sveitarstjórnar að skila kjörtímabilinu vel frá sér, þar sem sveitarfélagið hefur aldrei staðir styrkari fótum fjárhagslega og getur beitt sér af krafti í komandi verkefnum sem verða bæði krefjandi og eflandi fyrir sveitarfélagið.*

*Í ljósi viðsnúnings í rekstri sveitarfélagsins á þessu kjörtímabili er tilefni til að skoða stofnun á framtíðarsjóði sveitarfélagsins til að fjármagna nýframkvæmdir og stærri viðhaldsverkefni framtíðarinnar.*

*Súðavíkurbreppur hefur risið upp á kjörtímabilinu sem fyrirmyndarsveitarfélag í fjármálum og verið um leið eitt af leiðandi sveitarfélögum Vestfjarða í hagsmunabaráttu fjórðungsins.*

Samþykkt samhljóða.

5. Garðar Þór Eiddsson skipaður slökkviliðsstjóri Súðavíkurbrepps. Sveitarstjóra falið að ganga frá ráðningarsamning. Samþykkt samhljóða. Sveitarstjórn óskar Garði velfarnaðar í starfi.
6. Erindið lagt fram til umræða. Félag sumarbúa óskar aðstoðar sveitarstjórnar við að lengja í leyfilegum dvalartíma í sumarbyggðinni til samræmis við samskonar byggð á Ísafirði, Tungusskógi.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að vinna að málinu.

7. Sveitarstjórn samþykkir erindið.
8. Umræða sveitarstjórnar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna drög að umsögn og leggja fyrir sveitarstjórn á næsta fundi. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:45

Guðbjörg Bergmundsdóttir

Karl Guðmundur Kjartansson

Pétur G. Markan

Birgir Ragnarsson

Steinn Ingi Kjartansson  
oddviti